

Samþykkt um kjör fulltrúa í stjórn, ráðum og nefndum.

1.gr.

Samþykkt þessi byggir á greinum 25. gr. og 38. gr. í Samþykktum um stjórn og fundarsköp Skaftárhrepps nr. 923/2024. Samþykktin fjallar um þóknun sveitarstjórnarmanna og nær einnig til starfa þeirra fulltrúa sem skipaðir eru af sveitarstjórn í stjórnir, ráð og nefndir á vegum sveitarfélagsins.

2.gr.

Markmið með ákvörðun um kjör fulltrúa er:

- Að fulltrúar fái sanngjörn laun fyrir störf sín í þágu sveitarfélagsins.
- Að fulltrúar sveitarfélagsins njóti kjara sem eru sambærileg við það sem gerist í hinum almenna vinnumarkaði, sambærilegum sveitarfélögum og ríkinu.
- Að kjör fulltrúa séu gagnsæ og endurspegli störf þeirra og ábyrgð.

3.gr.

Sveitarstjórnarfulltrúar eru 5 og kjörnir í almennum sveitarstjórnarkosningum.

Nefndum sveitarfélagsins er skipt niður í eftirfarandi flokka:

- A. Sveitarstjórn
- B. Fastanefndir og ráð
- C. Aðrar nefndir og stjórnir
- D. Sérskipaðar nefndir sveitarstjórnar og fundasetur sem falla ekki undir liði A til C.

Almenn skilgreining á fundi er sú að til hans sé boðað með dagskrá og um hann rituð fundargerð.

4.gr.

Sveitarstjórnarfulltrúar þiggja föst laun fyrir störf sín fyrir sveitarfélagið sem nemur 100.000 krónum á mánuði. Þessar greiðslur ná til vinnu vegna sveitarstjórnarmála almennt. Oddviti sveitarstjórnar fær laun sem nemur 200.000 krónum á mánuði. Að auki skal oddviti sveitarstjórnar fá greiddan starfskostnað vegna starfa sinna 17.000 krónur á mánuði. Aðrir sveitarstjórnarfulltrúar fá greiddan starfskostnað sem nemur 9.000 krónum á mánuði.

5.gr.

Fulltrúar í sveitarstjórn fá að auki greitt sérstaklega fyrir hvern setinn fund í sveitarstjórn sem nemur 25.000 krónum að við bætum akstri. Varamenn sem taka sæti aðalmanns í sveitarstjórn fá greidd laun sem nemur 30.000 krónum fyrir hvern setinn fund að viðbættum akstri.

6.gr.

Sveitarstjórnarfulltrúar skulu fá greidd laun á meðan á sumarleyfi sveitarstjórnar stendur.

7.gr.

Sveitarfélagið heldur eftir iðgjaldi í lífeyrissjóð af launum sveitarstjórnarfulltrúa skv. ákvæðum laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfssemi lífeyrissjóða nr. 129/1997. Greitt er iðgjald í lífeyrissjóð sem samráð er um milli launadeildar og viðkomandi fulltrúa. Mótframlag sveitarfélagsins er að lágmarki 8%.

Sveitarstjórnarfulltrúar eru tryggðir gegn slysum í starfi skv. tryggingasamningi sveitarfélagsins um tryggingar hverju sinni.



**8.gr.**

Sé sveitarstjórnarfulltrúi forfallaður frá störfum vegna slyss eða veikinda heldur hann launum í allt að 3 mánuði. Greiðslur skv. 1, mgr. falla niður við lok kjörtímabils eða þegar sveitarstjórnarfulltrúi lætur af störfum af öðrum ástæðum.

9.gr.

Fyrir hvern setinn fund fá aðalmenn í Velferðarráði og Skipulags- og umhverfisráði þóknun sem nemur 30.000 krónum fyrir hvern setinn fund að viðbættum akstri og formenn ráðanna 45.000 krónum þóknun fyrir hvern setinn fund að viðbættum akstri. Varamenn í Velferðarráði og Skipulags- og umhverfisráði skulu fá greidda þóknun sem nemur 35.000 krónum fyrir hvern setinn fund að viðbættum akstri. Ef fundur stendur lengur en fjórar klukkustundir skal greiða 15% álag á þóknun fundarmanna.

Formenn Velferðaráðs og Skipulags- umhverfisráðs skulu fá eingreiðslu ár hvert að upphæð 300.000 krónur fyrir störf sín.

10.gr.

Fyrir hvern setinn fund fá fastanefndum og ráðum sem taldar eru upp hér að neðan þóknun sem nemur 25.000 krónum fyrir hvern setinn fund að viðbættum akstri og formenn fastanefnda og ráða sem taldar eru upp hér að neðan þóknun sem nemur 35.000 krónum að viðbættum akstri. Varamenn í upptöldum fastanefndum skulu fá greidda þóknun sem nemur 30.000 krónum fyrir hvern setinn fund að viðbættum akstri. Ef fundur stendur lengur en þrjár klukkustundir skal greiða 15% álag á þóknun fundarmanna.

Fastanefndir sveitarfélagsins eru:

- Byggingarnefnd
- Rekstrarstjórn Klausturhóla
- Fjallskilastjórnir
 - Fjallskilaneftnd Álftaversafréttar
 - Fjallskilaneftnd Skaftártunguafréttar
 - Fjallskilaneftnd Austur-Síðuafréttar
 - Fjallskilaneftnd Landbrots- og Miðaðfréttar
 - Fjallskilaneftnd í Meðallandi

Ráð sveitarfélagsins eru:

- Ungmennaráð
- Öldungaráð

Starfsfólk sveitarfélagsins fær ekki greidda sérstaka þóknun fyrir setu á nefndar- og ráðsfundum nema viðkomandi sitji fundi sem kjörinn fulltrúi. Undantekning eru starfsmenn grunn- og leikskóla sem sitja fundi Velferðarráðs sem áheyrnarfulltrúar. Þeir fá greidda þóknun fyrir hvern setinn fund sem nemur 25.000 krónum að viðbættum akstri.

**11.gr.**

Þóknun fyrir setu í nefndum og stjórnun á vettvangi samstarfs sveitarfélaga skv. 3. gr. C-liðs er greitt af viðkomandi samtökum.

Sveitarfélagið getur átt fulltrúa í eftirtöldum samstarfsverkefnum:

- Almennavarnanefnd
- Stjórn Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu.
- Stjórn Bergrisans bs.
- Stjórn Náttúrustofu Suðausturlands
- Stjórn Kirkjubæjarstofu
- Stjórn Hulu bs.
- Ungmennaráð Suðurlands.
- Svæðisráð Vestursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs.
- Stjórn Kötlu jarðvangs.
- Velunnarasjóður Hjúkrunar- og dvalarheimilisins Klausturhóla.
- Stjórn Skógarsafns.
- Stjórn um málefni jarðarinnar Ytri-Skóga.

12.gr.

Fyrir störf í sérstökum nefndum skv. 3. gr. D liðar, sem sveitarstjórn skipar til tímabundinna starfa fá fulltrúar greitt skv. 10. gr..

13. gr.

Áheyrnarfulltrúar í nefndum og ráðum fá ekki greidda sérstaka þóknun. Greiða skal áheyrnarfulltrúum í fræslunefnd þóknun skv. 10. gr..

14. gr.

Þóknun til kjörinna fulltrúa sveitarfélagsins á ráðstefnum og fundum utan sveitarfélags, sem sveitarstjórn, ákveður að taka þátt í skal vera sem hér segir:

- Sem fulltrúi sveitarfélagsins á fundi innan Vestur Skaftafellssýslu, þar sem fundarkostnaður er ekki greiddur af öðrum. Greiðsla á hvern fund, 25.000 krónur að viðbættum akstri.
- Sem fulltrúi sveitarfélagsins á fundi utan Vestur Skaftafellssýslu sem ekki er greiddur af öðrum aðilum. Greiðsla á hvern dag, dagpeningar án gistingar skv. Ríkisskattstjóra að viðbættum akstri eða bílaleigu bifreið. Ef gist er þá greiðir sveitarfélagið gistingu sérstaklega.

15. gr.

Laun vegna vinnu Yfirkjörstjórnar á kjördegi er greidd eftir fjölda unninna klukkstunda. Greidd er yfirvinna skv. launatöflu FOSS stéttarfélags launaflokki 122-5 og orlof. Formaður kjörstjórnar fær 50% álag. Auk þess fær kjörstjórn greitt fyrir fundi til undirbúnings kosninga skv. 9. gr..

16. gr.

Leitast skal við að stjórnir, ráð og nefndir fundi ekki á frídögum og stórhátíðardögum.

17. gr.

Æskilegt er að kjörnir fulltrúar sækji sí- og endurmenntun er tengist störfum þeirra fyrir sveitarfélagið. Sveitarstjórn skal veita samþykki sitt vegna kostnaðar sveitarfélagsins sem hlýst af námskeiðasókn kjörinna fulltrúa, falli kostnaður utan fjárhagsáætlunar. Sækja skal um til sveitarstjórnar með góðum fyrirvara og samþykki liggi fyrir áður en til útgjalda er stofnað.

18. gr.

Orlof er ekki greitt á þóknun fulltrúa í stjórn, ráðum og nefndum sveitarfélagsins.

19. gr.

Akstur vegna starfa í þágu sveitarfélagsins er einungis greiddur eftir akstursdagbók eða reikningi. Fulltrúar fá greiddan akstur til og frá fundarstað. Ætíð skal leitast við að ferðast á sem hagkvæmastan hátt t.d. að samnýta ferðakosti er mögulegt er. Greiða skal gisti- og fæðiskostnað með dagpeningum í þeim tilfellum sem sveitarfélagið sér fulltrúa ekki fyrir ferð og/eða gistingu. Greitt er eftir ákvörðun Ríkisskattstjóra um akstur- og ferðakostnað á hverjum tíma. Um ferðir erlendis gildir hið sama en fulltrúar skulu fá samþykki sveitarstjórnar fyrir öllum slíkum ferðum og útgjöldum, fyrirfram.

20. gr.

Samþykkt þessi tekur gildi 1. september 2024.

21. gr.

Laun og þóknanir taka hækkunum miðað við launaflokk 125-5, skv. kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga f.h. þeirra sveitarfélaga og annarra aðila sem það hefur samningsuboð fyrir og FOSS stéttafélags frá og með 1. janúar 2025.

22. gr.

Samþykkt þessi var samþykkt á fundi sveitarstjórnar, þann 25. september 2024.

